

Miðvikudaginn 8. október 1986.

Nr. 157/1986. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Lúðvík Jónassyni og

(Gylfi Thorlacius hrl.)

Magnúsi Þorsteini Karlssyni

(Örn Clausen hrl.)

Brot í opinberu starfi. Tolllög. Áfengislög. Bifreiðar. Umferðarlög. Eignarupptaka. Ákæra. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. apríl 1986 af hálfu ákærvalds til þyngingar að því er ákærða Lúðvík varðar og til sakfellingar samkvæmt ákæru að því er ákærða Magnús Þorstein varðar. Ákærðu höfðu eigi óskað áfrýjunar.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að því er varðar ákærða Lúðvík Jónasson, svo og ákvæði dómsins um sýknu ákærða Magnúsar Þorsteins af refsikröfu ákærvalds.

Í IV. kafla ákæru er krafist upptöku á varningi þeim sem fannst í skáp Lúðvíks í tollstöðinni, svo og varningi er fannst við húsleit heima hjá Magnúsi Þorsteini. Það athugast að ákærðu eru eigi saksoðtir til refsingar að því er þennan varning varðar, enda þótt upptökukrafan sé reist á því að ákærðu hafi verið að honum komnir með refsiverðum hætti.

Svo sem að ofan greinir er upptökuákvæði þessa kafla staðfest að því er Lúðvík varðar.

Áfengis- og tóbaksvörur þær, sem fundust á heimili Magnúsar Þorsteins í fataskáp og búningasklefa hans í tollstöðinni, voru eigi merktar Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Bar Magnúsi því að færa sönnur á það samkvæmt 17. gr. áfengislaga nr. 82/1969 hvernig hann væri að áfenginu kominn. Svo sem skýrlega er rakið

í héraðsdómi draga reglur um tollfrjálsan farangur farmanna og ferðamanna úr aðhaldi því sem 17. gr. er ætlað að veita. Hér er þó á það að líta að í sumum skýrslum þeim, sem Magnús Þorsteinn gaf við rannsókn málsins og grein er gerð fyrir í héraðsdómi, lýsti hann yfir því að hann hefði þegið gjafir í starfi sínu. Við meðferð málsins hefur hann raunar neitað því algerlega en enga haldbæra skýringu gefið á afturköllun sinni á fyrri yfirlýsingum að þessu leyti. Samkvæmt því þykir eiga að miða við að Magnús hafi ólöglega komist yfir þær áfengisbirgðir og tóbaks er um ræðir í IV. kafla B. í ákæru og taka til greina kröfu um upptöku þeirra samkvæmt þeim ákvæðum sem í ákæru greinir, þó svo að upptökuákvæði áfengislaga er í 34. gr. laganna en ekki 33. gr., svo sem mishermt er í ákæru. Einnig verður staðfest ákvæði héraðsóms um upptöku á kjötvörum.

Enda þótt ákærði Magnús Þorsteinn hafi verið sýknaður af refsikröfu samkvæmt ákærulið I. B. þykir þó verða að skýra 140. gr. laga nr. 74/1974 svo að hann skuli dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar sem honum er dæmt áfall að því er varðar upptöku. Samkvæmt því þykir hann eiga að greiða sakarkostnað í héraði in solidum með ákærða Lúðvík, nema hvað málsvarnarlaun verjanda síns greiði Lúðvík einn. Um áfrýjunarkostnað fari þannig að hvor ákærðu greiði málsvarnarlaun verjanda síns en annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, greiði ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar ákærða Lúðvík Jónasson.

Ákærði Magnús Þorsteinn Karlsson skal vera sýkn af refsikröfum ákæruvalds. Hann sæti upptöku á 6 flöskum af áfengi, 16 dósum af bjór, 38 pökkum af vindlingum, sjö kjúklingum, 1½ spikpylsu, 1 kjötrúllu og 2 hamborgarhryggjum.

Ákærði Lúðvík greiði málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, samtals 35.000,00 krónur. Ákærði Magnús Þorsteinn greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen

hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað greiði ákærðu að öðru leyti in solidum, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur, og renni þau í ríkissjóð.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 122 - 123/1986: Ákæruvaldið gegn Lúðvík Jónassyni og Magnúsi Þorsteini Karlssyni, sem tekið var til dóms 29. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 8. maí 1984, „á hendur Lúðvík Jónassyni, Efstalandi 12, Reykjavík, fæddum 2. júní 1922 í Reykjahlíð í Skútustaðahreppi, Suður-Pingeyjarsýslu, og Magnúsi Þorsteini Karlssyni, Hraunbæ 25, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. júlí 1936, báðum fyrrverandi tollvörðum við tollgæsluna í Reykjavík, fyrir hegningarlaga-, áfengis- og tolllagabrot og brot í opinberu starfi, sem í I. kafla ákæru greinir, og gegn ákærða Lúðvík fyrir brot í opinberu starfi og umferðarlagabrot, sem í II. og III. kafla ákæru greinir, og loks gegn báðum ákærðu til upptöku þess varnings sem í IV. kafla ákæru getur.

I.

Gegn báðum ákærðu fyrir að hafa í störfum sínum, ákærði Lúðvík sem varavarðstjóri en ákærði Magnús Þorsteinn sem tollvarðstjóri, er þeir unnu saman að tollafgreiðslu m.s. Mánafoß við brottför skipsins úr Sundahöfn í Reykjavík fimmtudagskvöldið 20. október 1983, þegið og/eða haft á brott með sér frá borði hvor í sínu lagi tollvarning sem hér greinir:

A. Ákærði Lúðvík fyrir að hafa þegið og haft meðferðis frá borði eina eins lítra flösku af genever og annaðhvort þá eða daginn áður einnig dós af niðursoðinni skinku, DAK, 900 gr, en tollvarning þennan hafði ákærði í bifreið sinni síðar um kvöldið er lögreglumenn höfðu afskipti af ákærða í Ofanleiti, sbr. III. kafla ákæru.

B. Ákærði Magnús Þorsteinn fyrir að hafa haft meðferðis frá borði í greint sinn eina flösku af vodka og eina lengju (10 pakka) af vindlingum (Winston) sem ákærði kveðst hafa fundið á þilfari skipsins nálægt landgangi, en tollvarning þennan tók ákærði í eigin vörslur án þess að gera neinar ráðstafanir til að grafast fyrir um hver eigandi varningsins væri eða gera skipstjóra skipsins, meðákærða eða öðrum viðvart um tollvarninginn sem ákærði hafði með sér á brott og setti án skrásetningar eða skýrslugerðar í læstan fataskáp sinn í Tollhúsinu við Tryggvagötu þar sem lögreglu-

menn fundu varninginn ásamt öðrum tollvarningi sem í IV.lið B. ákæru greinir við leit aðfaranótt föstudagsins 21. október 1983.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, — að því er ákærða Magnús Þorstein varðar til vara við 132. gr. og 139. gr. sömu laga — og brot beggja auk þess við 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, sbr. 3. mgr. 60. gr., 1. mgr. 61. gr. og 2. mgr. 62. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít nr. 59, 1969, sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Gegn ákærða Lúðvík fyrir að hafa fyrir allöngu, 1 - 3 árum, skorið úr embættisstimpli Tollgæslunnar, sem ákærði hafði til notkunar í starfi sínu, númerið 81 á tveimur stöðum í stimplinum, en númerið var tollvarðar-númer ákærða, og notað stimpilinn eftir breytinguna til stimplunar á tollvarningi sem var umfram lögleyfðan tollfrjálsan innflutning skipverja.

Telst þetta brot ákærða varða við 139. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 18. gr. laga um tollheimtu og tolleftrilít og 3. mgr. i.f. 4. gr. áfengislaga.

III.

Gegn ákærða Lúðvík fyrir að aka fimmtudagskvöldið 20. október 1983 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Þ-246 frá Tollhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík áleiðis heim til sín í Efstaland þar til lögreglumenn stöðvuðu ákærða í akstri í Ofanleiti.

Telst þetta brot ákærða varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

IV.

Gegn báðum ákærðu er málið höfðað samkvæmt 6. tölul. 2. gr. laga nr. 74, 1974, til upptöku smyglvarnings, sem ákærðu höfðu hvor um sig í vörslum sínum og lögreglumenn fundu við leit aðfaranótt föstudagsins 21. október 1983 í læstum hirslum ákærðu á starfsstöð þeirra í Tollhúsinu við Tryggvagötu og einnig á heimili ákærða Magnúsar Þorsteins.

A. Ákærði Lúðvík á tveimur flöskum af vodka, einni flösku af líkjör, tveimur flöskum af áfengum björ og einni lengju (10 pökkum) af vindlingum (Winston), en tollvarning þennan, sem lögreglumenn fundu í fataskáp ákærða í Tollstöðinni, hafði ákærði þegið sem gjafir frá skipverjum í tengslum við starf sitt.

B. Ákærði Magnús Þorsteinn á einni flösku af whisky, einni flösku af áfengum björ (þýskum) og á einni lengju (10 pökkum) af vindlingum

(Marlboro), sem lögreglumenn fundu í fataskáp ákærða og í skúffu í búningsskelfa hans í Tollstöðinni.

Ennfremur á eftirgreindum smygilvarningi sem lögreglumenn fundu innan um mikið magn átekens sams konar áfengis við leit sem þá var gerð á heimili ákærða:

a) Óáteknum áfengisflöskum og án merkis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins sem hér greinir: Tveimur flöskum af líkjör, einni flösku af vodka, einni flösku af sherry og einni flösku af rósavíni.

b) Prettán dósum af áfengum bjór, 33 cl og tveimur dósum 50 cl.

c) Óáteknum tveimur lengjum og 8 pökkum, samtals 28 pökkum af Winston vindlingum.

d) Sjö stk. kjúklingum, 1½ spægipylsu, einni kjötrúllu og tveimur hamborgarhryggjum, allt í erlendum umbúðum.

Tollvarning þann, sem í liðum B a - d greinir, hafði ákærði Magnús Þorsteinn að hluta sjálfur smyglað til landsins, en að hluta keypt eða þegið sem gjafir hér á landi meðvitandi um það að varningurinn væri smyglaður.

Ákærðu sæti samkvæmt a og b liðum 33. gr. áfengislaga og 1. mgr., sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit upptöku hvor á sínum hluta þess varnings, sem í þessum kafla ákæru greinir.

V.

Dómkröfur.

Þess er krafist „að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að sæta upp-töku hvor á sínum hluta varnings þess, sem í I. kafla ákæru greinir, ákærði Lúðvík til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, og báðir til greiðslu sakarkostnaðar.“

Hinn 5. desember 1983 sendi ríkissaksóknari, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974, fjármálaráðuneytinu rannsóknargögn málsins til umsagnar. Í svarbréfi ráðuneytisins segir m.a.: „Eftir ítarlegan lestur málsskjala leggur ráðuneytið til að mál þetta sæti frekari rannsókn, en að henni lokinni verði báðir aðilar ákærðir fyrir brot á hegningarlögum, áfengislögum, lögum um tollheimtu og tolleftirlit og lögum um varnir við því að gin- og klaufaveiki berist til landsins, en ákærði Lúðvík jafnframt fyrir brot á umferðarlög-um.“

Upphaf málsins má rekja til þess að kl. 20:55 fimmtudaginn 20. október 1983 stöðvuðu lögreglumenn akstur ákærða Lúðvíks á bifreiðinni Þ-246 í Ofanleiti þar eð þeir töldu að akstur hennar hefði verið aðfinnsluverður er henni hafði verið ekið skömmu áður austur Hringbraut. Lögreglumenn-irnir töldu ákærða bera merki þess að hafa neytt áfengis og færðu hann því til yfirheyrslu á lögreglustöðina. Er bifreiðinni hafði verið ekið þangað kom í ljós að í henni var varningur sá, sem getið er um í I.A. hluta ákæru

málsins. Síðan þróaðist málið svo, að leit var gerð í skápum sem ákærðu höfðu til umráða á vinnustað sínum í Tollstöðinni og á heimilum þeirra, hvort tveggja með samþykki ákærðu. Við leitirnar fannst varningurinn, sem getið er um í ákæru. Einnig var framkvæmd samkvæmt dómsúrskurði leit heima hjá Birni Ragnari Óskarssyni, bryta á m.s. Mánafossi. Var sú leit árangurslaus.

Kl. 21:08 fimmtudaginn 20. október 1983 var ákærði Lúðvík tekinn til yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík um ætlað umferðarlagabrot. Í framhaldi af því var ákærði færður til yfireyrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar. Hófst hún kl. 21:54.

Um I. hluta ákæru.

A. Við síðargreindu yfirheyrsluna bar ákærði Lúðvík, að hann og meðákærði hefðu tollafgreitt m.s. Mánafoß við brottför um kl. 20:00 umrætt kvöld. Hefðu þeir skömmu fyrir brottför verið staddir í herbergi brytans, áðurgreinds Björns Ragnars. Hefði brytinn tekið áfengisflöskuna, sem fannst í bifreiðinni, úr skáp og gefið sér. Hefði ákærði þegið gjöfina „og talið að flaskan væri stimpluð sem tollfrjáls varningur en þó ekki athugað það nánar.“ Hefði meðákærði á meðan verið að skrifa tollvegabréf. Brytinn hefði ekki gefið meðákærða neitt eftir því sem ákærði vissi best. Tollgeymsla skipsins hefði verið innsigluð og ekkert hreyft við innsiglinu. Er skipið hefði látið úr höfn um kl. 20:45 hefðu ákærðu farið á Tollstöðina „til að skrifa skipið út.“ Ákærði hefði síðan farið akandi heim og verið stöðvaður á þeirri leið. Svinakjötsdósina hefði ákærði einnig þegið að gjöf frá brytanum um borð í Mánafoßi, en það verið daginn áður.

Kl. 15:10 næsta dag var ákærði Lúðvík kominn til yfirheyrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eftir dvöl í hegningarhúsinu. Ákærði skýrði þá svo frá að Björn Ragnar bryti væri góður kunningi sinn. Mánafoß hefði komið í Reykjavíkurhöfn um kl. 23:00 17. október 1983. Hinn 19. s.m. um kl. 16:00 - 17:00, er ákærði var á vakt, fór hann um borð í skipið og hitti brytann. Hefði ákærði samkvæmt ósk brytans „stimplað“ í greiðaskyni 5 óatekna bjórkassa fyrir hann. Hefði ákærði gert sér grein fyrir því að honum var þetta óheimilt, þar eð skipið hefði þegar fengið tollafgreiðslu „og því hafi verið búið að stimpla bjórskammt þann sem Birni bar. Þetta hafi því verið óleyfilegt umframmagn.“ Ákærði hefði notað embættis-stimpil sinn sem á stæði: „Tollgæslan, dagsetning og tollfrjálst.“ Við þetta tækifæri hefði hann þegið 900 gr svinakjötsdós, sem fannst í bifreiðinni.

Ákærði Lúðvík bar við sömu yfirheyrslu að þeir ákærðu hefðu daginn áður tollafgreitt skip brytans fyrir brottför. Við það tækifæri hefði hann þegið genever flöskuna sem fannst í bifreiðinni.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 4. nóvember 1983 kvaðst

ákærði vilja leiðrétta framburðinn um samskiptin við brytann Björn Ragnar Óskarsson, sem hefði verið rangur og ekki sannleikanum samkvæmur. „Mætti kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann gaf þessa skýrslu og ekki vitað hvað hann var í raun að segja.“ Við aðra yfirheyrslu sama dag kvaðst ákærði ekki hafa verið undir áfengisáhrifum heldur ringlaður sökum langvarandi neyslu áfengis. Hefði ákærði ekki gert sér grein fyrir hversu slæmt ástand hans var við skýrslugjöfina hinn 21. október 1983 fyrr en eftir meðferð á Siglungapollí vegna áfengissýki. Þangað hefði hann farið strax eftir yfirheyrsluna.

Í dóminum hefur ákærði kannast við að lögreglan hafi hinn 20. október 1983 fundið eina flösku af genever áfengi og eina dós af skinku eftir að lögreglumenn stöðvuðu bifreið hans. Ákærði hefði þegið skinkudósina að gjöf frá skipverja á m.s. Mánafossi, sem hann vildi ekki nafngreina, daginn fyrir brottför skipsins. Búið hefði verið að tollafgreiða dósina eins og alltitt sé um smádósir. Ákærði hefði fengið áfengisflöskuna um borð í öðru skipi samkvæmt venjunni „flösku í vasann.“ Ekki vildi ákærði tilgreina þetta nánar. Ofangreindar gjafir hefði ákærði ekki þegið af neinu tilefni. Ákærði kvað það lengi hafa tíðkast, þó það væri ekki föst venja, að tollverðir fái áfengisflöskur að gjöf við afgreiðslu á skipum.

Við ítrekaðar yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglunni neitaði Björn Ragnar, bryti á ms. Mánafossi, afdráttarlaust að hafa látið ákærða Lúðvík í té varning sem gjöf eða gegn greiðslu í einhverri mynd, hvorki tollafgreiddan né ótollafgreiddan. Björn Ragnar kvað ákærðu, sem hann kannaðist við vegna starfa þeirra þriggja, hafa tollafgreitt skipið við brottför hinn 20. október 1983. Ekkert hefði farið á milli þeirra annað en nauðsynlegt hefði verið vegna afgreiðslunnar.

B. Við yfirheyrslur hjá lögreglunni og rannsóknarlögreglunni hinn 21.10. 1983 bar ákærði Magnús Þorsteinn að þeir ákærðu hefðu afgreitt ms. Mánafoß við brottför með venjulegum hætti þ.e. „farið yfir tollpappíra og innsiglislista og gefið út tollpassa.“ Ekki hefði verið hreyft við tollgeymslu eða neinum innsiglum. Verkið hefði verið framkvæmt í herbergi brytans. Hefði ákærði séð alfarið um skýrslugerðina og ekki vitað hvað meðákærði var að sýsla á meðan. Er ákærði hefði verið að yfirgefa skipið hefði hann veitt athygli einni vodkaflösku og einni pakkalengju af vindlingum „við bitann við niðurför að landgangi.“ Hefði ákærði tekið varninginn í sínar vörslur, sett í fataskáp sinn á Tollstöðinni og ætlað að gefa skýrslu um fundinn næsta morgun. Engum öðrum hefði verið um það kunnugt og ákærði hefði hvorki sagt meðákærða né skipstjóranum frá þessu. Sagði ákærði að mjög algengt væri að tollverðir fyndu slíkan varning við brottför skipa. Ákærði hefði einn yfirgefið skipið og beðið meðákærða úti í tollbifreiðinni.

Í dóminum hefur ákærði Magnús Þorsteinn borið, að algengt væri að tollverðir myndu varning um borð í skipum með svipuðum hætti og í umrætt sinn. Ákærðu hefðu verið sendir til að afgreiða skipið við brottför. Vakt ákærða hefði átt að ljúka kl. 20:00 og ákærði hefði lofað konu sinni að koma heim skömmu síðar. Brottför skipsins hefði verið fyrirhuguð kl. 20:00. Hefði ákærði séð um að ganga frá nauðsynlegum brottfararskjölum skipsins en meðákærði verið á vappi um skipið. Hefði ákærði gengið frá skjölunum í herbergi brytans. Brottför hefði seinkað. Ákærðu hefðu því dvalið um borð í skipinu lengur en upphaflega stóð til, enda beri þeim skylda til að vera um borð þar til skip fer. Ákærði hefði á meðan á hinni framlengdu dvöl stóð farið eftirlitsferð um skipið, enda algengt að smávarningur finnist undir spilum og víðar. Venja væri að taka slíkan varning, gera um hann skýrslu og skrá að eigandinn væri ókunnugur. Ef um smærði væri að tefla væru ekki gerðar sérstakar ráðstafanir til að hafa upp á eiganda, væri skip á förum. Ákærði hefði sett umræddan varning í fata-skáp sinn hjá tollgæslunni og hefði gert um hann skýrslu strax og hann losnaði úr haldi lögreglunnar. Fyrir sér hefði ætíð vakað að gera skýrslu um fundinn kl. 08:00 morguninn eftir.

C.1. Með játningu ákærða Lúðvíks og öðrum gögnum málsins er sannað að hann hefur þegið að gjöf um borð í skipum, er hann var að standa vaktir sem tollvörður, eina flösku af áfengi og eina dós af svínakjöti. Varðar þessi háttsemi ákærða við 128. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 6. gr., sbr. 1. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978, og 1. og 2. mgr. 61. gr. laga um tollheimtu og toll-eftirlit nr. 59/1969, sbr. 1. gr. laga nr. 71/1976 og 138. gr. almennra hegningarlaga.

C.2. Samkvæmt meginreglu 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála verður í málinu að leggja til grundvallar framburð ákærða Magnúsar Þorsteins um fund hans á varningi í ms. Mánafossi og meðferð hans á eftir, enda var vakt hans að ljúka og ekki verður það talið með ólíkindum að hann hugðist gera skýrslu um fund sinn næsta morgun. Ber því að sýkna hann af þessum ákærulið.

Um II. hluta ákæru.

Við leit í fataskáp ákærða Lúðvíks í Tollstöðinni aðfaranótt föstudagsins 21.10. 1983 var lagt hald á stimpil Tollgæslunnar sem ákærða var ætlað að nota við störf sín. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar um leitina og ljósmyndum af stimplinum hefur honum verið breytt eins og lýst er í ákæru. Framan og aftan við orðið „TOLLGÆSLAN“ í efstu línu stimpilsins vantar tollvarðarnúmer ákærða Lúðvíks. Í annarri línu stimpilsins er dagsetning, breytanleg með hjólum svo að hægt sé að stimpla viðeigandi dag-

setningu hverju sinni. Framan og aftan við dagsetninguna er bókstafurinn T. Í þriðju og neðstu línu stimpilsins er orðið „Tollfrjálst“.

Ákærði Lúðvík skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá 21.10. 1983 að hann viðurkenndi afdráttarlaust að hann hefði skorið númerið af báðum hornum stimpilsins fyrir líklega 1-3 árum. Ætti númerið að vera 81. Væri það skráð hjá yfirmönnum ákærða sem embættisnúmer eða afgreiðslunúmer ákærða. Hefði hann gert þetta í þeim tilgangi að ekki yrði séð hver hefði stimplað umframvarning, svo sem áfengisflöskur, bjórkassa eða annan varning. Ákærði kvaðst „hafa viljað dyljast fyrir öðrum starfsfélögum sínum, þegar hann stimplaði umframvagn af áðurgreindum varningi og þess vegna skorið númerin af stimplinum“ svo stimplunin um tollfrelsi yrði ekki rakin til hans. Ákærði bar að í herbergi flestra skipverja væru tveir bjórkassar, annar óátekinn og stimplaður, því undirmenn ættu rétt á einum tollfrjálsum kassa og yfirmenn tveim. „Umframkassinn er þá ofast átekinn og hafi kærði stimplað þann kassa að beiðni skipverja.“

Í dóminum hefur ákærði kannast við að hafa skorið úr embættisstimpli tollgæslunnar númerið 81 á tveim stöðum og notað stimpilinn eftir það. Ákærði bar að hver tollvörður um sig fái aðeins einn stimpil og sé sama númerið á honum og innsiglistöng sem tollverðir hafi til afnota við störf sín. Til þess sé ætlast að hver tollvörður um sig noti sinn stimpil. Þó hafi borið við að tollverðir láni starfsbróður stimpil ef hans eigin hefði gleymst í landi. Stimplarnir væru einungis notaðir við að stimpla áfengi, bjór og tóbak. Ákærði taldi að hann hefði ekki notað stimpilinn til annars en að stimpla átekna umframkassa og áteknar flöskur. Ekki vildi ákærði svara því í dóminum hvers vegna hann hefði breytt stimplinum, „en hann hafi ekki gert það í auðgunarskyni.“

Dómurinn telur sannað með játningu ákærða við rannsókn málsins og að nokkru við meðferð þess, en þá gerði ákærði nokkuð til að draga í land að hann hafi breytt embættisstimpli sínum til að afgreiða varning tollfrjálst umfram heimildir. Það framferði ákærða var til þess gert að rýra réttindi ríkissjóðs til tekna. Ákærði hefur með þessu háttalagi brotið gegn 139. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. mgr. 18. gr. um tollheimtu og toll-eftirlit nr. 59/1969 og 3. mgr. i.f. 4. gr. áfengislaga nr. 82/1969 eins og hún var áður en henni var breytt með 1. gr. laga nr. 7/1986.

Um III. hluta ákæru.

Ákærði hefur skýrt svo frá, sbr. inngang dómsins, að hann hefði verið á leið heim til sín frá Tollhúsinu við Tryggvagötu er lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á bifreiðinni Þ-246. Hefði ákærði drukkið eina flösku af erlendum bjór um borð í ms. Mánafossi fyrir akstur og eitthvað af áfengi

um borð í skipi um hádegisleytið sama dag. Ákærði taldi að hann hefði eigi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Í blóðsýni, sem ákærða var tekið í þágu rannsóknar þessa þáttar málsins, reyndist magn alkóhóls vera 1.17 ‰.

Með játningu ákærða á áfengisneyslu, alkóhólgreiningu á blóðsýni og öðrum gögnum málsins, er sannað að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi sem í III. hluta ákæru greinir. Þar með hefur hann brotið gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

Um IV. hluta ákærunnar.

A. Um leit hjá ákærða Lúðvík liggur fyrir í málinu svohljóðandi skýrsla frá lögreglunni í Reykjavík:

„Erindi okkar í Tollstöðina var að gera leit í fataskáp Lúðvíks, en áður hafði hann gefið heimild til leitar þar svo og heima hjá honum að Efsta-landi 12.

Við leit í nefndum fataskáp kom í ljós að þar voru fyrir 1 flaska Smirnoff vodka 1 lítri, óaftekin með stimpli tollgæslunnar, 1. flaska, óaftekin, Irish Mist, óstimpluð, 1 flaska Royal vodka, Fleischmann's tæplega hálf (aftekin) tvær flöskur Carlsberg bjór 33 cl og eitt karton sigarettur Winston.

Við leit heima hjá Lúðvík fundust tómar áfengisflöskur, 1 fl. OUDE OLIFANT genever (óstimpluð), 1 fl. Wolf Schmidt vodka (óstimpluð) og fleygur af Camus Cognac (óstimpluð).

Við nánari athugun var ekki að sjá, að áfengisflöskur þær sem nefndar eru hér að framan væru með merki ÁTVR.“

Ákærði Lúðvík kannaðist við hjá rannsóknarlögreglunni hinn 21.10. 1983, að í fataskáp hans í Tollstöðinni væru þrjár óáteknaðar áfengisflöskur af þeim tegundum sem greindar væru í ofangreindri leitarskýrslu, svo og átekin áfengisflaska, 2 bjórflöskur og ein pakkalengja af Winston vindlingum. Hefði ákærði fengið allan þennan varning að gjöf frá skipverjum á nokkrum skipum. Hefði þetta verið ótollafgreiddur varningur og sér gefinn eftir reglunni „flaska í vasann.“ Í dóminum bar ákærði að varninginn, sem fannst í fataskáp hans í Tollstöðinni, hefði hann fengið með svipuðum hætti og varninginn sem fannst í bílnum, hefði ákærði þegið varninginn smátt og smátt.

B. Um leit, sem gerð var hjá ákærða Magnúsi Þorsteini eftir frumyfir-heyrlu á lögreglustöðinni, liggur fyrir í málinu svohljóðandi skýrsla lögreglunnar í Reykjavík:

„Vegna rannsóknar á máli Magnúsar Karlssonar var með hans samþykki og leyfi farið að Tollstöðinni við Tryggvagötu til leitar í fataskáp hans,

sem er á 2. hæð hússins. Einnig var gerð leit í geymsluskúffu í búningsklefa sem Magnús hefur.

Í fataskápnum og skúffunni fannst eftirtalið:

1 „karton“ (10 pakkar) Winston vindlingar.

1 “ (10 pakkar) Marlboro vindlingar.

1 flaska Budweiser bjór.

1 flaska Johnnie Walker áfengi, óátekin.

1 flaska Royal Vodka Fleischmann's áfengi, óátekin.

1 flaska Tovarisch vodka, flaskan var merkt ÁTVR, átekin um hálf.

Í framhaldi var farið að heimili Magnúsar að Hraunbæ 25 og gerð leit þar. Þar fannst víðsvegar um húsið eftirtalið:

12 dósir niðursoðnir ávextir Summertime, jarðber, óverðmerkt.

12 dósir niðursoðnir ávextir Adriatica Brand, blandaðir, óverðm.

13 dósir bjór Carlsberg Elephant 33 cl.

2 dósir bjór Carlsberg 50 cl.

1 flaska Bommerlunder áfengi, átekin með lögg í.

1 flaska Gammel Dansk Bitter Dram, axlarfull.

1 flaska Campari, stimpluð tollstimpli 18.11. 82, óátekin.

1 flaska Dry Sack Sherry, óátekin.

1 flaska Grand Marnier, átekin með lögg í.

1 flaska Mounnet Cognac, átekin rúmlega hálf.

1 flaska Mateus, rósavín, óátekin.

1 flaska Canadian Club Whisky, átekin axlarfull.

1 flaska Ballantines Whisky, átekin með „slatta“ í.

1 flaska Bacardi rom, tómur „fleygur“.

1 flaska White Label Whisky, átekin tæplega axlarfull.

2 flöskur D.O.M. liqueur, óáteknar.

1 flaska Camp Viejo, rauðvín, óátekin, merkt með spönskum verðm.

1 flaska Bols Genever, leirbrúsi átekinn.

1 flaska Smirnoff vodka, óátekin.

50 stykki vindlar Hamlet.

29 stykki vindlar London Docks.

46 stykki vindlar Agio.

5 stykki vindlar AL-Capone.

1 stykki vindill Willem 11.

10 stykki vindlar Ritmeester.

1 stykki vindlar Tueroz.

2 „karton“ (20 pakkar) Winston vindlingar, óátekin.

8 pakkar Winston vindlingar, opið „karton“.

Einnig var í frystiskáp talsvert af kjötvöru, kjúklingar, hamborgarhryggir, spægipylsa o.fl., sem ekki hefur verið flokkað.“

Samkvæmt skýrslu frá rannsóknarlögreglunni var kjötvaran: „7 stk. kjúklingar í erlendum umbúðum, 1½ spegepylsa, 1 stk. kjötrúlla, 1 stór hamborgarhryggur og 1 lítill hamborgarhryggur.“

Við frumyfirheyrslu hjá lögreglunni kvaðst ákærði Magnús Þorsteinn aldrei hafa þegið áfengi eða annað slíkt að gjöf, er hann hefði verið að sinna skyldustörfum sínum. Hefði hann til umráða á Tollstöðinni fataskáp, þar sem hann geymdi föt sín og ýmsa persónulega muni. Í skápnum geymdi hann auk þess varnings, sem greini í I.B., eina áfengisflösku sem hann hefði keypt í frihöfninni á Keflavíkurflugvelli næstliðið vor og væri sú flaska ekki merkt Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Lögreglan í Reykjavík yfirheyrði ákærða á ný eftir leitina. Þá kvaðst ákærði geta gefið skýringu á öllu áfenginu, sem lagt var hald á á heimili hans. Ákærði og eiginkona hans hefðu farið til útlanda árlega sl. 5 - 6 ár. Hefðu þau í öllum ferðum komið með áfengi og tóbak og 3 - 4 flöskur hefði hann þegið af föður sínum er nú væri látinn. Vindlarnir væru samansafn tíu ár aftur í tímann. Síðan segir í framburði ákærða:

„Ég var búinn að gera grein fyrir tveim áfengisflöskum og sigarettukartoni, sem var lagt hald á á vinnustað mínum, í vitnaskýrslu sem tekin var af mér fyrir í nótt. Svo var lagt hald á áfengisflösku og sigarettukarton sem ég geymdi í skúffunni við fataskápinn en þá flösku keypti ég fyrir ca fimm árum í áfengisversluninni hér heima enda er hún merkt sem slík en sigarettukartonið er komið eins og hin sigarettukartónin, þ.e. í gegnum frihöfnina á Keflavíkurflugvelli.

Allur bjórinn sem var heima hjá mér að undanskildum tveim dósum af Carlsberg, hann kom ég með í gegnum frihöfnina er ég kom frá Spáni í sumar en Carlsberg dósirnar þær fékk ég gefins um borð í einhverju skipi sem ég hef tollafgreitt og held ég að það hafi verið Hvítáin og sá sem gaf mér dósirnar heitir að mig minnir San Michael.

Matvælin, þau eru þannig til komin að reyktu hamborgarana tvo þá keypti ég í Kjötmiðstöðinni við Laugalæk fyrir ca einu og einu og hálfu ári síðan.

Spægipylsuna stóru keypti ég úti á Spáni í sumar og kom með til landsins í gegnum frihöfnina.

Kjúklingana 7, Valid Edam ostinn, nautafylleið (sic) og hálfa spægipylsan voru sendir mér að gjöf þann 4. júlí sl. en þá átti ég afmæli. Ég var að koma af vakt, þegar ég fann þessa hluti í bílnum mínum en ég veit ekki hver það var sem sendi mér þetta.

Edam Juusto keypti Hreinn 1. meistari á Eyrarfossi fyrir mig á síðasta vori.

Ég ítreka það eins og í fyrri skýrslunni sem tekin var af mér fyrir í nótt

að ég hef aldrei þegið neitt að gjöf er tengst gæti starfi mínu sem tollvörður og það sem ég hef fengið hef ég borgað fyrir.

Ávaxtaðósirnar, þær fékk ég frá foreldrum mínum, sem bjuggu í Meðalholti 2, Rvík og dósirnar eru orðnar nokkuð gamlar.“

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni bar ákærði:

„Nánar aðspurður um það áfengi og tóbak sem fannst við leit í fataskáp mætta á Tollstöðinni kveðst mætti hafa þegið að gjöf Budwiser bjórflösku um borð í veðurathugunarskipinu Walther Hervig fyrir um 3 - 4 vikum síðan. 1 karton af Marlboro kveðst mætti hafa fært á stöðina heiman frá sér, með það fyrir augum að gefa vinnufélögum í tilefni af afmæli sínu þann 4. júlí sl., en ekki hafi orðið af. Þetta tóbak kveðst mætti hafa keypt einhvern tímann á ferðum sínum erlendis. 1 fl. af Johnnie Walker kveðst mætti hafa keypt í Þýskalandi á árinu 1981 og komið með að heiman frá sér með fyrrgreint afmæli í huga. Það hafi ekki gefist tími né tilefni til að veita vinnufélögum af þessu.

Varðandi áfengi það og tóbak, sem á heimili mætta var, kveðst mætti hafa keypt í gegnum árin á ferðum sínum erlendis. Mætti kveðst vera svo til bindindismaður, en hafa gaman af því að eiga margar áfengistegundir til að veita af í góðum félagsskap. Þetta hafi safnast upp á mörgum árum og kveðst mætti alfarið neita að það sé tilkomið frá skipum sem hann hafi verið við störf sín í.

Hvað varðar bjór þann, sem tilgreindur er í húsleitarskýrslum, kveðst mætti hafa keypt hann í vörumarkaði úti á Spáni, nánar tiltekið á Costa Del Sol. Mætti kveðst viðurkenna að er hann hafi komið til landsins í þetta skiptið hafi áfengisskammtur þeirra hjóna verið nokkuð meiri en heimilt er. Auk flösku af sterku áfengi kveðst mætti hafa verið með léttvinsflösku og 18 bjóra.

Varðandi matvæli, er fundust á heimili mætta, kveður hann hamborgarhryggi tvo vera úr Kjötmiðstöðinni Lækjarteigi, 1 pylsa hafi verið keypt í fyrrgreindri Spánarferð í sumar en kjúklingar, ostur, nautakjöt og spægipylsa hafi borist í hendur mætta á undraverðan hátt.

Eins og fyrr greinir hafi mætti átt afmæli þann 4. júlí sl. og þá farið niður í Tollstöð með rjómakökur til að veita vinnufélögum. Mætti kveðst hafa verið þar megnið af deginum, en er hann hafi komið heim til sín, sett bílinn inn í bílskúr og opnað farangursgeymslu, hafi þessi matvæli verið þar til staðar. Mætti kveðst ekki hafa hugmynd um hvernig þau hafi komist í farangursgeymslu bíls síns, en tekur fram að geymslan hafi ekki verið læst.

Aðspurður kveðst mætti alfarið neita að hafa tekið svokallaða „flösku í vasann“ í starfi sínu, en hins vegar kveðst mætti viðurkenna að hafa í einstökum tilvikum þegið eina og eina flösku af bjór sem hann hafi borið

með sér heim. Mætti kveðst hafa haft það fyrir venju að snerta aldrei áfengi í vinnu sinni.“

Síðan kvaðst ákærði vilja leiðrétta og bæta fyrri framburð þar sem hann hafi ekki greint réttilega frá.

„Mætti kveðst viðurkenna að hann hafi fengið „flösku í vasann“ eins og aðrir vinnufélagar hans. Um sé að ræða í stöku tilfelli en ekki að öllu jöfnu. Mætti kveðst með engu móti geta fullyrt um áfengismagn sem hann hafi fengið með þessum hætti í gegnum tíðina en giskar á að ein flaska í mánuði láti nærri. Þó hafi það ekki verið mánaðarlega sem hann hafi þegið slíkt.

Mætti kveðst ekki geta tilgreint hvað af því víni, sem á heimili hans fannst, sé svokölluð „flaska í vasann.“ Þó kveðst mætti hallast að því að algengari tegundirnar whisky, vodka o.s.frv. sé hluti af þessu. Mætti kveðst engan veginn geta tilgreint magn í þessu sambandi.“

24. október 1983 var ákærði enn yfirheyrður og bar:

„Mætti kveðst vilja koma því að í framburði sínum að hann hafi ofætlað á sig áfengismagn með því að telja að hann hafi fengið að meðaltali eina flösku í mánuði af svokallaðri „flösku í vasann.“

Eftir á að hyggja, kveðst mætti hafa verið frá 16. mars 1972 til 28. september 1982, eða samtals 10 ár, á tollbátnum. Þá kveðst mætti afar sjaldan hafa farið um borð í skipin og því ekki verið í neinni aðstöðu með að þiggja „flösku í vasann.“

Þá kveðst mætti einnig hafa leyst af á tollbátnum í sumar eða frá 20. maí til 5. júlí. Þá hafi hann einnig verið í sumarleyfi frá 5. júlí til 15. ágúst.

Mætti kveðst því aðeins í einu eða tveimur tilvikum muna eftir að hafa þegið „flösku í vasann“. Mætti kveðst þó telja að ein flaska sé hið rétta.“

Í dóminum hefur ákærði gefið sömu skýringar á varningnum sem greinir í B lið IV. hluta ákærunnar og við rannsókn málsins, bæði að því er varðar varninginn í fataskáp ákærða og í skúffu í búningsklefa hans í tollstöðinni svo og varninginn sem fannst við leit heima hjá honum. Ákærði neitaði þeirri fullyrðingu í ákæru að hann hefði að hluta sjálfur smyglað til landsins eða þegið gjafir hér á landi meðvitandi um að varningurinn væri smyglaður. Ákærði kvaðst aldrei hafa þegið „flösku í vasann“, en sér hefði verið kunnugt um þá venju að slíkt stæði til boða en það væri komið undir hverjum og einum hvort hann þægi slíkt. Ákærði taldi að lögreglumadurinn, sem yfirheyrði hann, hefði lagt sér orð í munn í þessu atriði. Ekkert af áfenginu, sem fannst heima hjá ákærða, væri þannig til komið. Hjónin hefðu ekki sleppt úr utanferð árið 1983 og talan 10 ár aftur í tímann hvað utanlandsferðir snerti gæti alveg eins verið 6 - 7 ár.

C.1. Með játningu ákærða Lúðvíks, sem ekki veikist af öðrum gögnum

málsins, er sannað að ákærði komst með ólögmætum hætti yfir varning þann sem í IV. A í ákæru greinir, og voru því vörslur hans á varningnum þess eðlis að beita ber 1. mgr. sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tollefirlit, svo og a. og b. liðum 34. gr. áfengislaga (ekki 33. gr. eins og í ákæru greinir) og 2. mgr. 8. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf og gera varninginn upptækan.

C.2. Í 17. gr. áfengislaganna nr. 82/1969, sbr. 1. gr. laga nr. 52/1978 segir að allt það áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur af hendi, skuli merkt innsigli hennar. Finnist í vörslum manna áfengi, sem ekki er merkt innsigli verslunarinnar eða tollýfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki skal honum refsað samkvæmt lögnum. Í lögum um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63/1969, 7. gr. segir að allar vörur, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins selur, skuli merktar með nafni verslunarinnar og/eða merki hennar.

Tilgangur beggja framangreindra ákvæða er að tryggja framkvæmd einkasölulaganna. Það aðhald, sem þessi ákvæði eiga að veita, slævist mjög af lagareglum um tollfrjálsan innflutning ferða- og farmanna, sbr. nú reglugerð nr. 482/1985 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, sem m.a. tekur til innflutnings öls. Slikur innflutningur farmanna hefur tíðkast um langan aldur og verið látinn átölulaus. Einnig hefur viðgengist hjá ferðamönnum allt frá árinu 1980, sbr. reglugerð nr. 102/1980, að þeir flyttu inn takmarkað magn af öli.

Ofangreind undantekningarákvæði eru ekki bundin við það að far- og ferðamenn kaupi einkasöluvarninginn í friðhöfninni í Keflavík. Því getur ómerktur einkasöluvarningur verið kominn inn í landið með lögmætum hætti.

Við úrlausn upptökukröfunnar er ekki við annað að styðjast en vörslur ákærða Magnúsar Þorsteins og framburð hans sem að visu hefur verið mikið á reiki. Telja verður fráhrarf hans frá játningum við rannsókn málsins haldlaust, en samkvæmt meginreglu 108. gr. almennra hegningarlaga (sic) verður að leggja framburð ákærða til grundvallar í öllum meginatriðum.

Um áfengi.

Ákærði viðurkenndi við rannsóknina að hann hefði fengið „flösku í vasann“, en gat ekki fullyrt hve mikið af áfenginu, sem lagt var hald á, væri þannig til komið, en kvaðst hallast að því að algengari tegundirnar whisky, vodka o.s.frv. væri hluti af þessu. Ákærði gæti með engu móti tilgreint magnið. Sökum þessarar óvissu um andlag upptöku er ekki hægt

að taka kröfuna til greina um upptöku á áfenginu, sbr. B a) liður IV. hluta ákæru, enda ókleift að benda á ákveðnar flöskur í því sambandi.

Um öl.

Hafna ber upptöku af sömu ástæðum og greinir í „Um áfengi“, að undantekinni einni flösku og tveim dósum af öli, sem ákærði viðurkenndi að hafa þegið um borð í erlendum skipum. Það öl skal gert upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 1. mgr. 34. gr. áfengislaga og 1. mgr., sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Tóbak.

Engar óyggjandi upplýsingar liggja fyrir um ólögmati á vörslum ákærða á tóbaksvörunum, sbr. B c), þótt þær hafi ekki verið merktar ÁTVR, sbr. það sem áður segir um undantekningarákvæði.

Kjöttvörur.

Samkvæmt 2. mgr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969 eins og henni hefur verið breytt með 1. gr. laga nr. 71/1976 er það réttarbrott að veita viðtöku vörum, sem móttakandi veit eða má vita að eru ólöglega innfluttar. Ákærði hefur starfað við tollgæslu um langt árabil og var því kunnugt að innflutningur á hráu kjöti er fortakslaust bannaður. Honum hlaut því að vera ljóst að varningur þessi var með einum eða öðrum hætti kominn ólöglega inn í landið. Fallast ber því á þessa upptökukröfu samkvæmt 1. mgr., sbr. 5. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

V.

Ákærði Lúðvík hefur ekki svo kunnugt sé sætt refsingu, en ákærði Magnús Þorsteinn hlaut skilorðsdóm fyrir brott á 259. gr. almennra hegningarlaga árið 1976. Að auki undirgekkst hann á árunum 1954 til 1959 6 sinnum að greiða sektir fyrir minni háttar umferðarlagabrott.

Samkvæmt vottorði frá Kristni Ólafssyni tollgæslustjóra, dagsettu 25. þ.m., hóf ákærði Lúðvík störf hjá tollgæslunni 15.8. 1956 og ákærði Magnús Þorsteinn 1.11. 1966.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins frá 27. desember 1983, sem getið er um í inngangi dómsins, segir að ráðuneytið hafi þegar tekið ákvörðun um endanlega lausn beggja ákærðu úr starfi.

Refsing ákærða Lúðvíks ákveðst með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og stöðumissi hans á fullorðinsaldri, þriggja mánaða varðhald og 12.000 króna sekt til ríkissjóðs. Varðahaldsrefsingunni skal fresta og fellur hún nú að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi

ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Sektina ber að greiða innan 4 vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Með vísan til þess sem segir um I.B. er ákærði Magnús Þorsteinn sýknaður af refsíkröfu ákæruvaldsins, enda ekki sóttur til refsingar fyrir aðra háttsemi en þar greinir.

Ákærði Lúðvík skal vera sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá dómsbirtingu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga.

Ákærðu, hvor fyrir sig, sæti upptöku á varningi eins og í dómsorði greinir.

Ekki þykja vera efni til að skipta sakarkostnaði, sem ákærða Lúðvík ber einum að greiða, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lúðvík Jónasson, sæti varðhaldi í 3 mánuði og greiði 12.000 króna sekt til ríkissjóðs. Fresta skal fullnustu varðhaldsrefsingarinnar og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, gerist ákærði ekki sekur um nýtt brot á þeim tíma. Greiðist sektin ekki innan 4 vikna afplánist hún með varðhaldi í 10 daga.

Ákærði, Magnús Þorsteinn Karlsson, skal vera sýknaður af refsíkröfu ákæruvaldsins.

Ákærði, Lúðvík, skal vera sviptur ökuréttindum sínum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði Lúðvík sæti upptöku á 4 flöskum af áfengi, tveim flöskum af áfengum bjór, einni pakkalengju af vindlingum og 1 dós af niðursoðnu svinakjöti.

Ákærði, Magnús Þorsteinn, sæti upptöku á 2 dósum og einni flösku af áfengum bjór, 7 kjúklingum, 1½ spikpylsu, einni kjötrúllu og 2 hamborgarhryggjum.

Ákærði, Lúðvík, greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Gylfa Thorlacius hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.